

Borholur í Ögurhreppi (4804) hinum forna



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/044

Október 2011

Inngangur

Í þessari greinargerð eru staðsetningar og myndir af borholum í Ögurhreppi hinum forna við Ísafjarðardjúp. Holurnar eru sjö talsins. Upplýsingar um holurnar eru í 1. töflu og staðsetningar sýndar á myndum 9 til 12.

1. tafla. *Staðsetningar og aðrar upplýsingar um borholur í Ögurhreppi hinum forna.*

Staðar- númer	Holu- númer	Lögbýli	Dýpi í m	Ár	N-hnit	V-hnit
39511	SK-01	Hvítanes	10		65° 59.761	22° 49.399
39512	SK-02	Hvítanes	12		65° 59.760	22° 49.393
39513	SK-03	Hvítanes	20		65° 59.760	22° 49.391
39801	KL-01	Kleifar	20/36	1990	65° 53.494	22° 51.413
39501	BO-01	Borg	26		65° 53.439	22° 50.143
39502	BO-02	Borg	180	2006/2007	65° 53.443	22° 50.139
39861	TH-01	Þernuvík	213	1998	65° 58.186	22° 36.366

Hvítanes

SK-01

Borhola SK-01 er undir klettasnös rétt við þjóðveginn (ofan við hann). Þessi staður er um 290 metra norðnorðvestur af bænum. Holan er boruð með skotholubor frá KNH. Holan sést ekki lengur. (1. mynd)



1. mynd. Borhola SK-01 á Hvítanesi.

Hvítanes

SK-02

Borhola SK-02 er um þremur metrum innar en hola SK-01 og undir sama klettanefi. Holan var boruð með skotholubor frá KNH. (2. mynd)




2. mynd. Borhola SK-02 á Hvítanesi.

Hvítanes

SK-03

Borhola SK-03 er tveimur metrum innar en hola SK-02. Holan var boruð með skotholubor frá KNH. (3. mynd)



3. mynd. Borhola SK-03 á Hvítanesi.

Kleifar**KL-01**


Borhola KL-01 er um 460 metra suður af gamla bæjarstæðinu. Þar gengur lítil sandeyri út í sjávarlón ofan þjóðveggar. Þar heitir Laugareyri. Borholan er í góðu standi. Hún var boruð til að ná í heitt vatn en er nú notuð sem kaldavatnshola en þó ekki leitt í hús. (4. mynd)



4. mynd. Borhola KL-01 á Kleifum.

Borg **BO-01**

Borhola BO-01 er uppi á hjallanum ofan við bæinn. Holan var boruð með skotholubor frá KNH. Holan sést ekki á yfirborði. Holan er um tveimur metrum innan við holu BO-02. (5. og 6. mynd)



5. mynd. Borhola BO-01 á Borg.



6. mynd. Borhola BO-01 á Borg.

Borg **BO-02**

Borhola BO-02 er uppi á hjallanum ofan og utan við Borg. Henni hallar um 30°. Holan er í góðu ásigkomulagi. Hún er notuð til upphitunar á húsum að Borg og afgangsvatn knýr einnig rafstöð. (7. mynd)



7. mynd. Borhola BO-02 á Borg.

Þernuvík

TH-01

Borhola TH-01 er um 750 metra upp með Hjarðardalsá innan við Þernuvíkurbæinn. Hún er í mýrarslakka milli tveggja hjalla og um 350 metra utan við ána. Holan er í góðu ásigkomulagi. Vatn er leitt frá henni niður í sumarbúastaði í Þernuvík en mun vera orðið fremur kalt er þangað kemur. (8. mynd)




8. mynd. Borhola TH-01 í Þernuvík




9. mynd. Yfirlitkort af borholum í Ögurhreppi hinum forna.



10. mynd. Borholur í Hvítanesi.



11. mynd. Borholur á Kleifum og Borg.



12. mynd. Borhola í Þernuvík.